

Nr. 028 / 09 Aþena ÞH 505**Fær á sig brotsjó**

Skipaskr.nr. 2436
Smíðaður: Hafnarfirði 2000, plast
Stærð: 7,7 brl. 8,3 bt.
Mesta lengd: 9,55 m Skráð lengd: 9,52 m
Breidd: 2,97 m Dýpt: 1,2 m
Vél: Caterpillar 186 kW, 2002
Fjöldi skipverja: 1



Aþena ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. júní 2009 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 7. mars 2009 var Aþena ÞH 505 á siglingu á Eyjafirði. Veður: NA 17 m/s.

Verið var að sigla bátnum frá Akureyri til Húsavíkur en þegar komið var fyrir Gjögurtá fékk hann á sig brotsjó og lagðist á hliðina. Allt lauslegt kastaðist til og nokkur siglingatæki urðu óvirk. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og fylgdi Háey II ÞH 275 bátnum til Ólafsfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að bátsverjinn kvaðst hafa athugað veðurspá áður en hann lagði í ferðina og samkvæmt henni átti veður að vera gott;
- að vegna lélegs sjóbúnings fór gúmmíbjörgunarbátur, sem verið var að flytja, af stað á þilfarinu og ásamt netaniðurleggjara sem slóst til og braut skyggni á hurð að vélarúmi. Fartölva í brú kastaðist til og eyðilagðist.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.